

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, KALKA

<b>Dagsetning</b>	12.12.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1.2.2016
<b>Heimilisfang</b>	Berghólabraut 7, 230 Keflavík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið, seinna
<b>Kennitala</b>	531278-0469	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Jón Norðfjörð
<b>Isat nr.</b>	38.21.0; 38.22.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	64° 1,629'N, 22° 34,313'W
<b>Starfsemi</b>	Meðhöndlun úrgangs m.a. brennsla sorps		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru tvær athugasemdir og fjögur frávik staðfest. Athugasemdir eru gerðar við meðferð flugösku og nokkurn fjölda úrgangsgáma á umráðasvæði rekstraraðila, en geymsla úrgangs á þennan hátt er vandkvæðum bundin. Frávikin varða ófullnægjandi meðferð spilliefna, rekstraraðili hefur ekki gert grein fyrir hvernig hann hyggist ráðstafa botnösku, byggt á sýnatökum úr öskunni, og geymslu öskunnar og fráveitu rekstraraðila er ábótavant.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis er varða fráveitu og meðhöndlun úrgangs, þá helst spilliefna og ösku og samsvarandi ákv. í reglugerð nr.739/2003 um brennslu úrgangs. Þá er gerð grein fyrir gr. 18 í reglugerð nr.785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hvað snertir breytingar á starfsemi. Haldinn var samráðsfundur með fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Ríkharði Friðrikssyni og sorpbrennsla og önnur umráðasvæði stöðvarinnar skoðuð. Þá voru tvær af þremur flugöskugeymslum stöðvarinnar, önnur í Garði og hin í Sandgerði skoðaðar.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Sem fyrr voru spilliefni á plani sunnan stöðvarhúss.

**Frávik frá:** Samkvæmt ákv. 2.7 í starfsleyfi skal öll meðferð spilliefna vera innandyra og í rými án fráveitu, þar sem þess er kostur.

Við eftirlit kom fram að rekstraraðili hyggt setja upp skýli fyrir spilliefni á syðra plani stöðvarinnar. Þegar fyrirhugaðar eru breytingar á rekstrinum þá ber rekstraraðila að veita Umhverfisstofnun viðeigandi upplýsingar með góðum fyrirvara, sbr. gr. 1.6 í starfsleyfi og 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Umhverfisstofnun fer því fram á að fá sendar eftirfarandi upplýsingar:

- lýsingu á þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru, umfangi þeirra og uppdráttum af staðsetningu
- lýsingu á staðháttum
- lýsingu á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg
- lýsingu á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun

Umhverfisstofnun ber að meta upplýsingarnar innan 4 vikna frá móttöku þeirra og tilkynna rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

Umhverfisstofnun hefur borist upplýsingar um fyrirhugað skýli, umfang þess og staðsetningu og lítur á það sem tilkynningu um breytingu á rekstri og mun svara því erindi sérstaklega.

### Frávik 2:

Ráðstöfun brennsluleifa veltur á niðurstöðum sýnatöku úr þeim. Því fór Umhverfisstofnun fram á í bréfi dags. 23.5.2011 að rekstraraðili gerði áætlun um tilhögun og tíðni sýnatöku á botnösku og afhenti stofnuninni fyrir 15.6.2011. Slík áætlun hefur ekki borist.

**Frávik frá:** Grein 25 í reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs, en samkvæmt henni skal ákvarða ráðstöfun brennsluleifa á grundvelli viðeigandi prófana.

### Frávik 3:

Meðhöndlun botnösku er ábótavant. Á þetta var bent í eftirlitsskýrslu sem send var rekstraraðila þann 9.7.2010. Askar er geymd á malarplani á aðliggjandi lóð við Berghólabraut, óvarin fyrir veðri og vindum. Miðað við fengnar sýnatökuniðurstöður er botnaskan ekki nýtanleg nema að undangenginni formeðhöndlun. Því er líklegt að mengunarefni úr öskunni rati í jarðveg og vatn. Ákveðin skilyrði við geymslu öskunnar eru nauðsynleg ef tryggja á nægilegar mengunarvarnir. Á þetta var bent í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 28.2.2011. Rekstraraðili lagði til að botnaskan yrði urðuð í Álfsnesi, urðunarstað höfuðborgarsvæðisins, og sá Umhverfisstofnun þeirri ráðstöfun öskunnar ekkert til fyrirstöðu. Í eftirlitinu nú kom í ljós að botnaska hefur ekki verið urðuð í Álfsnesi, heldur hefur hún verið geymd áfram eins og fyrr segir á aðliggjandi lóð.

**Frávik frá:** Ákvæði 2.24 í starfsleyfi, en samkvæmt því skal aska, gjall og leðja frá brennslustöðinni endurnýtt, eða urðuð á stað sem til þess hefur starfsleyfi. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar úrgangs ef nauðsyn krefur. Þá skal rekstraraðili samkvæmt ákvæði 1.4 í starfsleyfi

nota bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir, og skulu mengunarvarnir a) tryggja að ekki verði eingöngu tilfærsla á mengun á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs og b) lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

#### **Frávik 4:**

Sem fyrr er fráveita ekki viðunandi, setþró eða síubúnað vantar og fráveiturör rekstraraðila er ekki veitt í hefðbundna fráveitu heldur endar rétt utan lóðamarka í lítilli hvilft, þannig að fráveituvatn endar í jarðvegi og að endingu í grunnvatni. Á þetta var síðast bent í eftirlitsskýrslu dags 29.6.2010

**Frávik frá:** Ákvæði 2.11 í starfsleyfi. Samkvæmt því skal kæli- og regnvatn úr niðurföllum á lóð veitt í setþró eða síubúnað og samkvæmt ákvæði 2.9 í starfsleyfi skal frárennsli sem inniheldur olíu og spilliefni leitt í olíuskilju áður en það fer í fráveitu. Olíuskilja er fyrir hendi hjá rekstraraðila en viðunandi fráveitu vantar.

#### **Athugasemd 1:**

Í eftirlitinu var farið í geymsluhúsnæði rekstraraðila, þar sem flugaska er geymd. Eins og komið var inná í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 28.2.2011 er uppsöfnun öskunnar til lengdar óheppileg. Með vísan til gr. 2.24 í starfsleyfi óskar Umhverfisstofnun eftir að rekstraraðili geri grein fyrir áætlunum sínum um ráðstöfun öskunnar.

#### **Athugasemd 2:**

Við skoðun nú, var nokkur fjöldi gáma, fylltir með úrgangi á plönum sorpstöðvarinnar. Samkvæmt ákv. 2.4 er geymsla úrgangs utandyra heimil. Gámarnir eru opnir og því hætta á að rigni í þá sem leiðir af sér mengað frárennsli, en ekki er gert ráð fyrir útskolun úr úrgangi af plönum rekstraraðila í starfsleyfi og eins og fjallað var um hér að ofan er fráveita rekstraraðila ófullnægjandi. Jafnframt er máske hætta á að úrgangurinn geti fokið upp úr gámunum og hann gefi frá sér ólykt sem valdi ónæði og laði meindýr að.

Reykjavík, 15.5 2012

---

f.h. eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.